

Nd.

5. Frumvarp til laga

[5. mál]

um breyting á lögum nr. 54 20. apríl 1954 um orkuver Vestfjarða.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 54 20. apríl 1954 orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandísá eða Mjólka í Arnarfirði til raforkuvinnslu í orkuverum með allt að 10 000 kílówatta framleiðslugetu og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði ánnu til að tryggja rekstur þeirra. Enn fremur að leggja aðalorkuveitur frá raforkuverunum um Vestfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 54 20. apríl 1954 um orkuver Vestfjarða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Iðnaðarráðherra hefur tjáð mér, að fyrirsjáanlegur sé verulegur raforkuskortur á Vestfjörðum. Ber því nauðsyn til að hefjast þegar handa um mannvirkjagerð til aukningar raforkuframleiðslu í Mjólka í Arnarfirði. Er ákveðið að byrja mannvirkjagerðina þegar á þessu sumri. Lagaheimild skortir hins vegar til þessara framkvæmda.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 54 20. apríl 1954 orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandísá eða Mjólka í Arnarfirði til raforkuvinnslu í orkuverum með allt að 10 000 kílówatta framleiðslugetu og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði ánnu til að tryggja rekstur þeirra. Enn fremur að leggja aðalorkuveitur frá raforkuverunum um Vestfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. ágúst 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.